



Reykjavík, 31. janúar 2019

R19010131

6620

HBL/dmh

Umhverfis- og skipulagssvið  
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### *HverfisSKIPULAG Reykjavíkur - Árbær 7.2 -Árbær*

Á fundi borgarráðs þann 31. janúar 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. janúar 2019, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 30. janúar 2019, á leiðréttri bókun við samþykkt á auglýsingu á tillögu að hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.2 Árbær, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið og lagði fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúum Miðflokksins og Flokks fólksins:

Í hverfisSKIPULAGI birtist framtíðarsýn fyrir gróin hverfi og heimildir til breytinga og minniháttar uppbyggingar verða til. Allt miðast að því að hverfin verði sjálfbærari og grænni og að íbúar geti þekkt hverfin sín vel og þær heimildir sem þar er að finna hvort heldur sem það er í verslunarkjörnum eða á einkalóðum. Aldrei hefur verið farið í eins viðamikið samráð við íbúa eins og við gerð hverfisSKIPULAGS og hafa þúsundir borgarbúa á öllum aldri komið að vinnunni, allt frá vinnu grunnskólabarna við líkön af hverfunum sínum til einstaklinga sem sitja í rýnihópum. Með hverfisSKIPULAGINU fylgja leiðbeiningar til að auðvelda skilning á skipulagi og því hvað sjálfbært hverfi er. Um tímamót er að ræða þar sem verið er að auka gagnsæi í deiliskipulagi og heimildir borgarbúa til að breyta húsnæði sínu með betri og einfaldari hætti. Gerð heildstæðs skipulags fyrir hverfi borgarinnar hefur verið lengi í vinnslu enda viðamikið verkefni. Það er því fagnaðarefni að leiðbeiningar og fyrsta hverfisSKIPULAG borgarinnar hafi nú verið samþykkt samhljóða af borgarráði. Eðlilegt er að taka afstöðu til þess hvort hverfisSKIPULAG verði endurskoðað að fjórum árum liðnum byggða á fenginni reynslu.

Helga Björk Laxdal  
e.u.